að aungva fái þjer slíka í ödrumi baug;
nú gjer þú við mig og mæl, sem ödrum er vilji til,
því að ég er hennar unnusti, var hún stolin
frá mjer, og hjer fann jeg hana; bið jeg, ko-
núngur, að þú gjefir okkur lífsfrest, til
þess að undirkonúngar þínir koma, og dæmi
þeir þetta svo sem rjettast er; munu þjer
ekki bjóða þá rángt dæma. Hann sjálfur
játti hann því, að þau mætti þá um greina-
-manni dóminn hafa. Ljet konúngur leysa
þau 2. lásunum, og setti til xl. manna að
gjæta þeirra.—

22. Þegar ljet konúngur gjera orð undirko-
núngunum sínum, jörlunum og öðrum undir-
-mönnunum, og sumir voru þá komnir, enn
ekki allir; ljet konúngur gjera þeim orð;
og er þeir komu, tekur konúngur til máls;
hjer eru nú komnir allir mínir beztu vinir,
þeir er rjettdæmastir eru — segir þá hvern-
-su hann bjargaði Blankiflúr, eður hverssu
hún hafði nú gjört við hann; taldi hann nú
allar sendir er hann hann hafði gjört Blan-
-kiflúr, og að hann hafði ætlað að taka hana
sjer til drottningar; segir hann þeim, hver-
-su til hafði farið, og hvernig hann tók
þau bæði saman í sænginni, og hvernig hann
skók sverðið, og ætlaði að drepa þau; "og af
því að jeg gaf þeim lífsfrest til öðruns dóms;
þá dæmi þeim dauða, og hefnið nú minnar
svívirðingar með rjettum dauðadómi, því
að ekki vil jeg þetta mál láta lengur ódæmt."
Þá svarar Marsilias konúngur, undir-
konúngur hans, og gjördist hann þá for-
maður þeirra allra, er þar voru, því að
hann var vitur maður og gamall; hann mæl-
-ti með þessum orðum: vjer vitum nú þá
skömm, er konúngi vorum er unnin; enn
vjer til þess komnir, að reka hans harma
bið ég öðru nú alla dæma rjett um þetta;
sitji nú eingi á sínum sannindunum, því
að aungvum manni mun konúngur gjöf gje-
-fa, þó að með honum mæli, og aungvum